

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Skrifstofa loftslagsmála  
Skuggasundi 1  
101 Reykjavík

*Sent í Samráðsgátt*  
Reykjavík, 7. júlí 2021

**Efni: Umsögn um Hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum – drög að stefnu, mál nr. 129/2021.**

Vísað er til tilkynningar í Samráðsgátt stjórnvalda dags. 9. júní 2021 þar sem óskað var eftir umsögn um ofangreint mál. Hvítbókin inniheldur umfjöllun um aðlögun að loftslagsbreytingum og tillögu að grunngildum og grunnmarkmiðum stjórnvalda vegna hennar auk sértækra markmið fyrir tiltekna málaflokka og samhæfingu aðlögunarvinnu.

Bændasamtökin telja að Hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingu sé vel unnin, muni reynast góður grunnur að heilstæðri stefnu í málaflokknum og lýsa sig jafnframt tilbúin til frekara samtarfs í stefnumótun um aðlögun að loftslagsbreytingum.

Líklegt er að áhrif loftslagsbreytinga á íslenskan landbúnað verði umtalsverð. Að einhverju leyti gætu vaxtarskilyrði batnað vegna aukinna hlýinda en að sama skapi geta öfgar í veðurfari haft mikil áhrif á ræktunaröryggi og uppskerustörf. Þá getur hlýnandi veðurfar aukið álag vegna plöntusjúkdóma og aukið neikvæð áhrif vegna meindýra og illgresis. Sérstaklega þarf að horfa til þeirra áhrifa sem landnám nýrra plöntu-, skordýra- og fuglategunda getur haft á lífríki Íslands.

Bændasamtökin taka undir það sem kemur fram í skýrslunni, að mikilvægt sé að vinna heilstætt mat á áhrifum loftslagsbreytinga á íslenskan landbúnað. Efla þarf allar grunnrannsóknir og þá sérstaklega vöktun á plöntu- og dýralífi. Einnig þarf að greina hvernig bændur geti brugðist við mögulegum breytingum í veðurfari. Öfgar í veðurfari geta valdið löngum þurrka- eða rigningartímabilum, sem mun hafa áhrif á framleiðsluferla í landbúnaði.

Að lokum benda Bændasamtökin á að nú er hafin vinna við að móta Landbúnaðarstefnu fyrir Ísland, „*Ræktum Ísland!*“ en nauðsynlegt er að stefna um aðlögun að loftslagsmálum sé samofin þeirri vinnu.

Virðingarfyllst,  
f.h. Bændasamtaka Íslands  
Guðrún Vaka Steingrímisdóttir